# Steinkusel deiliskipulag - Rangárþing ytra

## Deiliskipulag




Deiliskipulagsuppdráttur 1:2000




Úrdráttur úr aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028.

| Nr. | X | Y | Nr. | X | Y | Nr. | X | Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 438828.988 | 381457.086 | 10 | 438921.000 | 381774.000 | 19 | 438812.024 | 381572.303 |
| 2 | 438781.000 | 381492.000 | 11 | 438989.721 | 381677.613 | 20 | 438826.000 | 381573.000 |
| 3 | 438710.450 | 381543.190 | 12 | 439052.000 | 381686.000 | 21 | 438848.000 | 381586.000 |
| 4 | 438724.000 | 381579.000 | 13 | 438962.000 | 381635.000 | 22 | 438860.381 | 381632.993 |
| 5 | 438740.000 | 381633.000 | 14 | 438886.005 | 381611.001 | 23 | 438860.749 | 381642.889 |
| 6 | 438751.000 | 381670.000 | 15 | 438863.000 | 381548.000 | 24 | 438856.708 | 381694.319 |
| 7 | 438752.856 | 381676.460 | 16 | 438802.455 | 381661.062 | 25 | 438835.422 | 381700.999 |
| 8 | 438776.000 | 381757.000 | 17 | 438779.313 | 381574.791 | 26 | 438842.294 | 381722.895 |
| 9 | 438834.725 | 381763.885 | 18 | 438809.508 | 381566.254 | | | |

Skýringar

Lóðir — Byggingarreitir — Aðkomuvegur — Aðrir vegir

Skipulagssvæði — Ⓗ Hreinsivirki




Skýringaruppdráttur 1:7000

| VERKHEITI | SKRÁ NR. | HANNAÐ ÁÁ |
|---|---|---|
| Steinkusel, RANGÁRÞING YTRA | TEIKNAÐ ÁÁ | YFIRFARIÐ ÁÁ |
| | MKV: 1:7000, 1:2000 | DAGS. 01.06.25 |
| VERKNÚMER 1501 | | |
| ATRIÐI | TEIKN.NR. 01-01 | RAÐNR. 00 / ENDURSK. 0 |
| DEILISKIPULAG | Atli Ágústsson, Byggingarverkfræðingur, KT. 150695-2289, Sími: 8682780 | |

## GREINARGERÐ

**1. Inngangur**

Skipulagssvæði:

Deiliskipulagið nær til núverandi lóða: Kúfholt I L165021, Kúfholt II L220223, Kötlusel lóð F3 L220224, Fjallasel lóð F4 L220225 og Kúfholt III L220226, sem eru um 5 ha. að stærð.

Fyrir breytingar voru 5 spildur á svæðinu og verða eftir breytingar 8.

| | |
|---|---|
| Tindasel (1,0 ha) | Holtasel (0,5 ha) |
| Lóusel (0,7 ha) | Kötlusel (0,5 ha) |
| Lindarsel (0,5 ha) | Fjallasel (0,5 ha) |
| Skógarsel (0,5 ha) | Rangársel (0,5 ha) |

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.

Svæðið er skilgreint sem íbúabyggð í dreifbýli. Svæðið er algróið og ræktað að hluta til og fremur flatt.

Byggingarreitur afmarkast 10 m frá lóðarmörkum, nákvæm staðsetning bygginga innan byggingareits verður lýst í umsókn um byggingarleyfi.

Kortagrunnur og deiliskipulagsgögn:

Deilskipulagsuppdráttur er teiknaður út frá hnitum, og er í kvarða 1:2000.
Skýringaruppdráttur er í kvarða 1:7.000.
Afstöðumynd er hluti af gildandi aðalskipulagsuppdrætti.

Fornminjar:

Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.

Breytingar að lokinni auglýsingu:

Breytingarnar eru þannig að stærðir lóða breytast, lóðunum fjölgar í 8 landspildur og heiti á lóðum breytast einnig. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir 8 lóðum. Lóðirnar verða af stærðinni 0,5-1 ha.

**2. Lýsing á deiliskipulags:**

Aðkoma og bílastæði:

Aðkoma að svæðinu verður um Bjallaveg 272 og aðkomuveg sem sýnd er með rauðri línu á deiliskipulagi.
Göngufólki er heimil för meðfram Bjallalæk og litla læk.

Byggingarskilmálar:

Byggingarreitir eru skilgreindir og málsettir á deiliskipulagsuppdrætti. Heimilt er að byggja íbúðarhús með bílskúr, gestahús, skemmu/geymslu og gróðurhús í samræmi við leyfilegt nýtingarhlutfall skv. Aðalskipulagi.
Mænishæð bygginga getur verið allt að 7 metrar frá gólfplötu. Mænisstefna er frjáls. Efnis- og litaval er frjálst.
Vanda skal frágang bygginga og umhverfis og forðast áberandi útilýsingu.

Innviðir:

Gert er ráð fyrir að byggingarnar tengist dreifikerfi RARIK, vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra og ljósleiðari tengist Rangárljósi. Lagnir verða meðfram vegum þar sem kostur er.
Sameiginlegt frárennsli er á svæðinu og munu allar lóðir tengjast núverandi kerfi ef lega lands og byggðar sem fyrir er nýrri byggð býður upp á það, annars verður hreinsikerfi á þeirri lóð sem ekki getur tengst núverandi hreinsikerfi. Rotþró/hreinsikerfi verður samkvæmt kröfum heilbrigðisyfirvalda.
Gerð og staðsetning fráveitukerfis skal vera í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðir þeirra laga og háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
Staðsetning og frágangur hreinsivirkis skal taka mið af því að aðgengi sé gott fyrir tæki til hreinsunar.
Staðsetning hreinsivirkis er skilgreind á teikningu með **H**.
Meðferð sorps fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

Umhverfisáhrif:

Markmið deiluskipulagsins um skilgreiningu lóðar og byggingarreita fyrir áformaða uppbyggingu eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og ekki talin hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

**3. Lög og reglugerðir**

Að öðru leyti er vísað til laga og reglugerða sem við eiga s.s. skipulagslög (123/2010 m.s.br.), lög um mannvirki (160/2010 m.s.br.), lög um náttúruvernd (60/2013), vegalög (80/2007), lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998), skipulagsreglugerð (90/2013), byggingarreglugerð (112/2012) og reglugerð um fráveitur og skólp (798/1999). Húsagerðir eru frjálsar að öllu leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingareglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010 m.s.b. var samþykkt af sveitastjórn Rangárþings ytra

þann _______________ 2025

_______________________________

f.h. Rangárþings ytra